



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Miðborg

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat .....	5
2.1 Kuðungadeild.....	5
2.2 Krossfiskadeild.....	6
2.3 Skeljadeild.....	8
2.4 Krílakot .....	9
2.5 Regnbogaland.....	10
2.6 Klöpp.....	11
2.7 Hæð .....	12
3 Ytra mat .....	13
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
6 Foreldrasamvinna .....	15
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	16
8 Fylgigögn.....	18
8.1 Samantekt um sérkennslu/stuðning .....	18
8.2 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ....	20
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	21



## Leiðarljós leikskólans:

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Miðborg er í þremur starfstöðum og er starfsmannafjöldi um 47 manns. Eins og margir leikskólar í Reykjavík gengur ráðningar nýs starfsfólks hægt sem hafði áhrif á aðlögun barna á haustdögum 2018. Ungbarnadeildar hafa litið dagsins ljóss í tveim starfsstöðvum og hefur starfsfólk og börn verið að aðlaga sig að þeim deildum.

Ákveðið var á Skóla-og frístundasviði að skólar sem hafa þrjár starfsstöðvar fengju tvo aðstoðarleikskólastjóra og er það nú í haust, 2019 sem það verður að veruleika hér í Miðborg að allar stjórnunarstöður eru setnar.

Þar sem leikskólinn Miðborg er í þremur starfsstöðvum er því afar mikilvægt að skapa sameiginlega sýn á fræði og starfshætti hjá starfsfólki leikskólans. Lagður hefur verið grunnur að þeirri vinnu á undanförunum árum og var haldið áfram á sömu braut 2018-2019. Unnið var í verkefninu Töfrandi tungumál sem miðast að því að bjóða öll tungumál velkomin í leikskólann og gera þau sýnileg í umhverfinu. Barna-og foreldrahópurinn í leikskólanum er fjölbreyttur og eru um 50% barna af erlendum uppruna og yfir 20 tungumál töluð í leikskólanum. Markvisst hefur starfsmannahópurinn verið að þróa þekkingu sína og færni til að vinna með fjölmenningslegt leikskólastarf í gegnum verkefnið Töfrandi tungumál.

Unnið hefur verið með flæði og er mikill áhugi á að þróa það áfram í leikskólastarfinu.

Starfsmannahópurinn hefur verið að tileinka sér hugmyndafræðina um flæði í leikskólastarfi og hefur verið unnið með að horfa á börn sem hæf og getumikil sem hafa áhrif á umhverfi sitt með virkri þátttöku í leikskólastarfinu. Unnið hefur verið að því að hafa flæði í matmálistímum þar sem börnin skiptast á að koma við borð að borða og hefur gengið ágætlega. Mismunandi útfærslur eru á því milli starfsstöðva.

Aðrir fastir liðir leikskólastarfsins hafa haldið sér. Menningarviðburðir sem eru fastir í sessi hafa átt sér stað á árinu og má þó nefna að elstu börnin í Miðborg gáfu út ljóðabók sem afhent var á Skóla-og frístundasviði í vor. Börnin fengu bókina einnig til eignar á útskrifardegnum sínum í vor. Verkefnið vakti mikla lukku og eru Miðborgara afskaplega stoltir af því.

Starfsfólk Miðborgar tók þátt í mótun Menntastefnu Reykjavíkurborgar og hefur skólinn verið að máta sig við hana. Sótt hefur verið um styrk úr Þróunar-og nýsköpunarsjóði Skóla-og frístundaráðs til að vinna að innleiðingu menntastefnunnar og verður styrkurinn nýttur til skapa þekkingu og færni




starfsfólks við vinnu að félagsfærni barna í leikskólanum. Fáir leikskólakennarar starfa við skólann og því er eitt helsta markmið verkefnisins að auka faglegt starf í leikskólanum. Það skapar tækifæri til þess að búa til heildræna stefnu fyrir skólann og þjappa starfsmannahópnum saman þar sem starfstöðvar eru aðskildar og samskipti starfsmanna oft bundið við hverja tarfstöð fyrir sig. Markmiðið er því að byggja upp samfélag innan leikskólans þar sem unnið er að því að móta sameiginleg gildi og viðhorf starfsmannahópsins til þess að vinna að sameiginlegu marki og að auka samstarf milli starfsstöðva.



## 2 Innra mat

### 2.1 Kuðungadeild


Kuðungadeild er í starfsstöðinni Lindarborg og eru börnin 2ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt verður á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin verða einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna sama. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

Umbótaþættir Kuðungadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Samverustund -Félagsfærni-  	Að börnin læri að vera hluti af hóp, sjá önnur börn, taka tillit til annarra barna, hlusta, taka á móti skilaboðum; hvernig hagar maður sér í hóp o.s.frv.	Félagsfærnis- sögur, leikir, söngur, sitja hlið við hlið og nafnakall	09.2019-05.2020	Allir starfsmenn á Kuðungadeild	Símat ; umræður á deildarfundum, taka alltaf 5-10 mín. til að ræða hvernig gengur og halda utan um þær skráningar.	Samverustundir verði fastur liður í dagskipulagi deildarinnar þar sem allir meðtaka skilaboð og taka þátt í söng og leik.
Gönguferðir	Að auka gönguferðir	Með að setja fasta daga sem við förum út í gönguferðir. Halda skráningu á gönguferðum, hvenær það er farið og hvenær ekki og þá hvers vegna. Hafa skráningu á börnum til að tryggja að allir fari í ferðir.	09.2019-05.2020	Allir starfsmenn á Kuðungadeild	Símat ; umræður á deildarfundum, taka alltaf 5-10 mín. til að ræða hvernig gengur og halda utan um þær skráningar.	Að gera gönguferðir að föstum punkti í leikskólastarfinu á Kuðungadeild og börn og starfsfólk verði öruggt í ferðum utan leikskólans



## 2.2 Krossfiskadeild

Krossfiskadeild er á starfsstöðinni Lindarborg og eru börnin á aldrinum 1árs og 2ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt verður á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin verða einstaklingssem og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna sama. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

Umbótaþættir Krossfiskadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Bók barnsins</b>	Fylgja þróun og þroska barns frá upphafi til lok leikskóladvalar . Barnið og foreldrar taka virkan þátt í að gera bókina.	Með því að fylgjast með barninu, áhugamálum og færni. Gera skráningar, setja í bókina myndir, texta og teikningar barnsins. Bókin fer heim og tilbaka og ræðum hvað er í bókinni	Frá fyrsta degi barns í leikskólanum til útskriftar	Starfsfólk og deildarstjóri	Nota hugarkot og símat á deildarfundu m.	Einstaklingsk ráningar um hvert barn.
<b>Samverustund -Félagsfærni –</b> 	Markvissari samverustundi r	Unnið er út frá lýðræði barna þar sem börnin skiptast á að velja lag eða sögu í samverustundum. Sagðar sögur með bókum og teikningum á loðtöflu.	09.2019-05.2020	Allt starfsfólk á deildinni	Símat á deildarfundu m þar sem rætt er hvernig gengur.	Að samverustundir séu marvissar á degi hverjum.



Syngjum  
nafnalög,  
börnin æfa  
sig í að sitja  
svo aðrir sjái  
líka í  
sögustundu  
m.  
Deila með  
sér ávöxtum.  
Hrósum  
þegar vel  
gengur og  
verum  
hvetjandi og  
jákvæð í  
samskiptum  
við börn



## 2.3 Skeljadeild

Skeljadeild er á starfsstöðinni Lindarborg og eru börnin á aldrinum 3ja-4 ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt verður á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin verða einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna sama. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

Umbótaþættir Skeljadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Deildarfundir	Betra upplýsingaflæði og samhæfð vinnubrögð	Klst. fundir, einu sinni í viku, ver stýrðir og skipulagðir s.s. 20 mín. umræða um barnahópin, 20 mín. faglegt starf og 20 mín. önnur mál. Skrifaðar fundargerðir.	09.2019-05.2020	Deildarstjóri og starfsfólk	Endurmat á vorönn, farið yfir fundargerðir deildarfunda	Betra samstarf, öruggara og markvissara starf og samvinna. Stuðlar að faglegu starfi á deildinni.
Málörvun	Örva íslensku hjá börnum sem þess þurfa og auka orðaforða, ýta undir áhuga á tungumálinu	Nota aðferðina „Að gefa 10“, minni leshópa sem gefa rými til virkar þátttöku	09.2019-05.2020	Deildarstjóri og starfsfólk	Símat á deildarfundum.	Aukin orðaforði, skilningur og málnotkun hjá börnunum á deildinni.
Flæði	Að kynna okkur aðferðir og hugmyndafræðina á bakvið flæði og valdefla barnahópin	Heimsóknir á leikskóla sem vinna með flæði, innleg á deildarfundum. Halda áfram að innleiða aðferðina hjá	09.2019-05.2020	Deildarstjóri og starfsfólk	Símat á deildarfundum og í lok vorannar	Markvissari fagleg vinnubrögð með flæði.





		okkur á matartímum og í leik og starfi				
--	--	--	--	--	--	--

## 2.4 Krílakot

Krílakot er á starfsstöðinni Barónsborg og eru börn á aldrinum 1 árs – 2ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt verður á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin verða einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna sama. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

Umbótaþættir Krílakot	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Matartímar</b>	-Matartíminn á að vera góð samvera þar sem er spjallað saman og börn hvött áfram til að sýna sjálfshjálp. - Matartíminn sé notaleg stund þar sem börn eru hvött til að smakka mismunandi mat. -Að börnin læri einnig að ganga smátt og smátt frá eftir sig þegar matartíma lýkur.	-Kennarar séu markvissir og passi upp á að matartíminn sé notalegur. -Kennarar duglegir að spjalla og setja orð á athafnir og hluti til að kenna ýmiss hugtök. -Kennarar eru hvetjandi til að fá börn til að smakka og borða mat en ekki þvingandi.	09.2019-05.2020	Deildarstjóri	Símat á deildarfundum 1-2 í mánuði	Innihaldsríka matmálstíma þar sem börnum líður vel og verði sjálfbjarga. Að börnin læri ýmiss algeng orð sem viðkemur matartíma eða geti bjargað sér þó orðaforða vantar.



## 2.5 Regnbogaland

Regnbogaland er á starfsstöðinni Barónsborg og eru börn á aldrinum 2ja – 3ja ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt verður á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin verða einstaklings- sem og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna sama. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lýðræði	Auðvelda aðgang barna að efnivið leikskólans	Endurskipulagning á deild	09.2019-05.2020	Allir starfsmenn deildar	Símat á deildarfundu m. Ræða saman, skoða þær breytingar sem verið er að gera og hvernig þær virka	Að börnin hagi gott aðgengi að efnivið á deildinni. Geti sýnt frumkvæði og nýtt áhuga sinn til leiks og verka.
Stefnumörkun: Samvinna	Samvinna starfsfólk við ákveðin verkefni eða þema í litlum og stórum hópum	Starfsfólk eigi samtali um skipulag á þemaverkefni um sem taka amk. 2 vikur í senn	09.2019-05.2020	Allir starfsmenn deildar	Símat á deildarfundu m bæði varðandi hvað skal gera og hvernig tiltókst	Að auka samvinnu starfsfólks og skapa dýpri upplifun og þekkingu barna á deildinni.



## 2.6 Klöpp

Klöpp er á starfsstöðinni Njálshöfðum og eru börnin 3ja og 4 ára. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt verður á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin verða einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna sama. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málörvun	Örva íslensku hjá börnum sem þess þurfa og auka orðaforða, ýta undir áhuga á tungumálinu	Nota aðferðina „Að gefa 10“, minni leshópa sem gefa rými til virkar þátttöku	09.2019-05.2020	Deildarstjóri og starfsfólk	Símat á deildarfundum.	Aukin orðaforði, skilningur og málnotkun hjá börnunum á deildinni.
Frjáls leikur	Að frjálsa leiknum sé gefinn tími og rými í dagskipulagi deildarinnar. Tryggja að leikgleðin nái til allra barna á deildinni	Að skapa aðstæður til að frjálsi leikurinn fái að njóta sín. Starfsfólk fylgist með og lesi í leik barnanna ásamt því að aðstoða þau börn sem virðast ekki komast inn í leikinn	09.2019-05.2020	Deildarstjóri og starfsfólk	Símat á deildarfundum.	Að starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi frjálsa leiksins og börnin fái tækifæri til að þróa leikinn sinn og finna djúpa leikgleði.



## 2.7 Hæð

Hæð er á starfsstöðinni Njálshöfðum og eru elstu börnin á þeirri deild. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólaskrifinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum samhliða verkefninu Töfrandi tungumál. Byggt verður á þekkingu sem er fyrir í leikskólanum og unnin verða einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna sama. Allt starf í leikskóla er nám í félagsfærni og í leik barna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Bók barnsins	Fá foreldra í meira samstarf	Með kynningu á fundi að hausti, póstur og líma inn í bók upplýsingar	09.2019-05.2020	Starfsmenn deildarinnar. Ösp er ábyrgðarmaður	Samræðu mat og gátlisti	Fjölga skráningu foreldra í bókina
Töfrandi tungumál -Fjölmennig-	Að gera tungumál deildarinnar sýnileg	Með merkingum á svæðum og velkomin skilti í fataklefa	09.2019-05.2020	Starfsmenn deildarinnar	Samræðu mat á deildarfundi og símat	Tungumál/m erkingar barnanna sé sýnilegt



### 3 Ytra mat

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var gerð í janúar og febrúar 2019 og var hún rafræn. Þátttaka starfsfólk var ekki mjög góð og þarf að hugsa til þess við næstu könnun að hvetja starfsfólk til þátttöku.

Helstu styrkleikar eru:

- Áhugi starfsmanna á starfinu og það vær tækifæri til að sýna frumkvæði
- Upplýsingaflæði hefur hærra skor en áður og má nefna það að skólinn hefur tileinkað sér Workplace sem nýtt er til samskipta og upplýsingagjafar.
- Jafnrétti kynja er virt á vinnustað og sitja allir við sama borð.
- Starfsfólk telur gott jafnvægi milli starfs og einkalífs.

Til úrbóta:

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáæt lun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Móttaka nýliða	Að bæta móttöku nýrra starfsmanna sem stuðlar að öryggi starfsfólks og starfsgleði	-Hanna bækling fyrir nýtt starfsfólk með helstu upplýsingum um starfið og leikskólann -Aðstoðar-leikskólastjóri hefur umsjón með nýliðum, tekur stutt spjall eftir fyrstu vikurnar í starfi þar sem starfsmaður getur komið fram með spurningar og vangaveltur	09.2019-05.2020	Aðstoðarleikskól astjóri	Símat milli aðstoðarleiks kólastjóra og leikskólastjóra og umræður við nýtt starfsfólk í lok vorannar	Að veita nýliðum góðar móttökur og skapa öryggi þess og starfsgleði
Líðan á vinnustað	Skapa góðan starfsanda fyrir alla	Fyrirlestur um líðan í starfi og einelti á vinnustað Stuðla að því að deildar haldi sína deildarfundi til að	09.2019-05.2020	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskól atjorar	Í starfsþróuna rsamtölum leikskólastjóra við starfsfólk,	Að starfsfólki líði vel í vinnu og virðing og vinátta ríki



		skapa samtal milli starfsfólks.			viðhorfskönnun Reykjarvíkur borgar 2020	meðal alls starfsfólks.
--	--	---------------------------------	--	--	---	-------------------------



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl hafa verið tekin í febrúar/mars og gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði á viðtölunum og tímasetningu á starfsárinu 2019-2020.

Starfsfólk skólans er hvatt til að sækja fræðslu sem vekur áhuga þeirra og styrkir þau í starfi en einnig er skipulögð fræðsla á skipulagsdögum og starfsmannafundum og má sjá dæmi um fræðslu í lið 7 undir Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á síðasta ári varð sett á laggirnar samstarfsverkefni milli elstu barna í Miðborg, Grænuborg og 1.bekkjarausturbæjarskóla. Markmið verkefnisins var að hittast nokkur skipti yfir bæði haust- og vorönn. Það verkefni byrjaði ágætlega en uppá vantaði betri samskipti milli leik- og grunnskóla svo skiptin urðu ekki eins mörg og áætlað var. Fyrir skólaárið 2019-2020 hefur ekki verið gerð áætlun um samstarfsverkefni og heldur hefur ekki verið gerð skrifleg áætlun um samstarf milli leikskólans og grunnskólans í hverfinu.

Gerð er ráð fyrir því frá Skóla- og frístundasviði að leikskólar og grunnskólar í sama hverfi hafi samstarf um að lágmarki 3 sameiginlega starfsdaga á skólaárinu. Til þess að slíkt samstarf verði að veruleika þarf að vera samtal milli skólastigana sem hefur ekki náðst í hverfinu. Grunnskólinn ákveður sína starfsdaga og hentuðu þeir ekki skipulagi leikskólans svo ekki eru um neina sameiginlega starfsdaga leikskólans og grunnskóla í hverfinu fyrir árið 2019 – 2020.

## 6 Foreldrasamvinna

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg. Foreldraráð samanstendur af fjórum fulltrúum foreldra sem kosnir voru í ráðið haustið 2019.

Hlutverk foreldraráða er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008.

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið



stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir viðburðum í samstarfi við leikskólann eins og Vetrarsólstöðukaffi, sumarhátíð og sveitaferð.

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal tvisvar á ári, að hausti og að vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf.

Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem farið sem starfsemi skólans er kynnt ásamt starfsemi deildar barnsins. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki. Erlendum foreldrum er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í þátttökuaðlögun.

Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og víðsýni.

## **7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

Skipulagsdagar eru sex talsins og taka þeir mið af markmiðum í umbótaráætlun skólans s.s. félagsfærni, líðan á vinnustað og öðrum áherslum leikskólans. Sem dæmi má taka; fyrirlestur frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur um jafnrétti, fyrirlestur Sofiya Dimitrova Zahova um Róma fólk, Guðný Reynisdóttir, mannauðsfulltrúi, kemur inn á skipulagsdag með umræðu um líðan í starfi og einelti á vinnustað, fræðsla fyrir starfsfólk um flæði, kynning á talkennslu í gegnu netið sem ber heitið Trappa og hefur verið notað hér í Miðborg. Einnig verða skipulagsdagar nýttir í mat á þeim umbótarþáttum sem lagðir eru fram í áætlun.

Sjá á leikskóladagatali á næstu síðu.





# Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: Leikskólinn Miðborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fúlvéldagurinn	1 M Njálldagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalíðdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Fridagur vestunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
Leikskólinn opnar eftir sumri	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur starfsmóðunar	7 L	7 Þ	7 F	7 S Þórnanna dagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur leysis	8 Þ	8 F Birtudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F Sumarþón
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Þáskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F Starfisdagur	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F Starfisdagur	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Ljófvéldagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M Stósti dagur elstu berri	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F Uppfigningsdagur	21 S	21 Þ
22 F Starfisdagur	22 S	22 Þ	22 F Starfisdagur	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þorkásmessa	23 F	23 S Kínudagur	23 M Starfisdagur	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aftangadagur þjá	24 F Bóndagur	24 M Boludagur	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M Stjartagur	25 L	25 Þ Sprengdagur	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrdagur	26 Þ	26 F Annar í júlím	26 S	26 M Óskudagur	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F Starfisdagur	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamli dagur	31 F		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F

## 8 Fylgigögn

### 8.1 Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	5	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		Sérkennslustjóri fylgir barni í Tröppu talþjálfun sem er talþjálfun í gengum internetið.
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	8	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Gerð markvissar áætlunar hefst í september 2019
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Gerð áætlunar hefst í janúar 2020
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleg lulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Æfingastöðin, Greininarstöðin og Trappa Talþjálfun
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

#### Niðurstöður innra mats

Sérkennsla hefur gengið vel og góð samvinna allra aðila sem að málum koma. Foreldrasamstarf hefur gengið vel sem og teymisfundir sem haldnir eru.

Samstarf við þjónustumiðstöðina er gott. Samráðsfundir hafa verið einu sinni í mánuði í vetur. Gott hefur verið að leita til fagaðila þar, þegar á þarf að halda.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Áætlun um málörvun	Útbúa áætlun um málörvun	Stofna teymi til að vinna áætluninni Safna gögnum sem til eru og fara í heimsóknir.	Áætlunarger ð um málörvun hefst í september 2019	Sérkennslustjóri	Endurmat á vorönn 2020 þar sem tekin er staðan á hvort áætlun sé mótuð og hvort deildar hafa tileinkað sér hana	Að hafa áætlun um málörvun í skólanum sem allar starfstöðvar nýta í starfi sínu með börnum
Áætlun um snemmtæka íhlutun	Útbúa áætlun um snemmtæka íhlutun	Stofna teymi til að gera áætlun um snemmtæka í hlutun	Vinna að áætlun fyrir snemmtæka íhlutun hefst í janúar 2020 og lokið í maí sama ár.	Sérkennslustjóri	Áætlun tilbúin og sett í gang. Gert ráð fyrir að endurmat á áætluninni verði í desember 2020 með umræðum við deildarstjóra allra deilda	Að til sé áætlun um snemmtæka íhlutun sem nýtist í starfi leikskólans
Fylgja eftir skráningum sem sérkennslufólk skilar inn mánaðarlega	Funda með þeim aðilum sem koma að sérkennslu og fylgja eftir skráningum þeirra sem skila á inn mánaðarlega.	Fara yfir skráningar þeirra	Haustönn 2019-vorönn 2020	Sérkennslustjóri	Vor 2020 þar sem tekið verður saman hvernig til hafi tekist að halda skráningum og fundum með þeim aðilum sem sinna sérkennslu	Að sérkennsla sé markviss og mynda nálægð sérkennslustj óra og þeirra aðila sem sinna sérkennslu.



## 8.2 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Samræðulestur fyrir hópa eða einstaklinga. Stundum unnið í litlum hópum, spilað og spjallað.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Yfirhugtök eru gerð sýnileg yfirhugtökum s.s. fatnaður, matur, leikföng og slíkt sem auðveldar dagleg samskipti. Sungið auðveld lög s.s. nafnalög og hreyfisöngva
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Starfsfólk er meðvitað um að setja orð á athafnir og að endurtaka setningar barna réttar.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Með HLJÓM-2 en þörf er á að fylgjast betur með framförum yngri barna
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Fylgst er með félagslegum tengslum tvítyngdra barna í barnahópnum. Starfsfólk er meðvitað um að börnin leiti sér aðstoðar og stuðnings hjá þeim.

Í Miðborg eru töluð í kringum 20 tungumál í barnahópnum. Við bjóðum öll tungumál velkomin í leikskólann en það er okkar hlutverk að hlúa að móðurmálum barnanna og kenna íslensku. Yfir veturinn er unnið með tungumál vikunnar en í tungumálavikunum eru heimamál barnanna tekin fyrir. Þá er sjónum beint að einu tungumáli í hverri viku/tvær vikur í senn.

Gætt er að því að öll börn fái tækifæri til að þróa íslenskuna sína í okkar fjölmeningarsamfélagi. Hins vegar þarf að finna leið til að fylgja betur eftir framförum barna af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku.



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáæt lun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Tryggja að börn af erlendum uppruna séu félagslega sterk í barnahópnum.	Fylgjast með barnahópnum, gera skráningar og starfsfólk sé meðvitað um hvernig raðast í leikhópa á deildum	09.2019-05.2020	Deildarstjórar	Unnið úr skráningum, símat á deildarfundum.	Að starfsfólk sé meðvitað um að öll börn standi jafnfætis í barnahópnum.

### 8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Miðborg  
31.10.19

Gunnur Árnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri  
Erla Ósk Sævarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri  
Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri



**Fylgiskjal 3**

**Starfsáætlun 2019 – 2020**  
**Leikskólinn Miðborg**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Elísabet Hall**  
**Emilia Telese**  
**Margrét Buhl**  
**María Maximciuc**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

### Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.



Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**

**Maria Maximciuc – 210289-3999** – Ég samþykki áætlunina.

**Margrét Buhl - 130582-3549** - Ég samþykki áætlunina.





